

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 6. árgangur • 3. tölublað • október 2010

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



PENNAVINIR FRÁ SVÍÐJÓÐ OG FINNLANDI Í HEIMSÓKN

Dagana 9. - 13. október heimsóttu tólf nemendur frá Övermark skólanum í Finnlandi og sextán nemendur frá Celsiusskólanum í Svíþjóð pennavinir sína í Kríum, Kjóum og Krummum. Krakkarnir hafa skrifast á í tvö ár eða frá því þeir voru í 4. og 5. bekk. Það er óhætt að segja að mikil eftirvænting hafi ríkt fyrir komu pennavinanna en í vor urðum við að fresta heimsókn þeirra til haustsins vegna gossins í Eyjafjallajökli. Það var föngulegur hópur kennara og foreldra sem fylgdi krökkunum og voru þeir, ekki síður en krakkarnir, ánægðir með heimsóknina og móttökurnar sem þeir fengu. Á sunnudeginum var farið í dagsferð á Þingvelli, Gullfoss, Geysi og Bláa Lónið og fengu krakkarnir fræðslu um sögu og jarðfræði Íslands. Segja má að gosið í Eyjafjallajökli hafi verið kveikjan

að miklum áhuga þeirra á eldgosum og öðrum náttúruferðum því í rútunni spurðu þau spjörnum úr og þá var eins gott að standa ekki á gati. Á mánudeginum unnu nemendur hópaverkefni undir handleiðslu umsjónarkennara, stuðningsfulltrúa, Hönnu og Silju. Meðal annars gerðu þeir þrjú textíilverk og fékk hópur frá hverju landi að eiga eitt veggteppi til minningar um samveruna. Finnsku nemendurnir kynntu heimabæ sinn Närpes Stad sem er í Vestur-Finnlandi og sænsku nemendurnir kynntu síðan Edsbyn sem er í Austur-Svíþjóð. Seinni hluta dagsins eyddu nemendur, foreldrar og kennarar í höfuðborginni okkar, Reykjavík. Á þriðjudeginum kynntu nemendur Akurskóla, finnskum og sænskum gestum sínum Reykjanesbæ. Það er ekki amalegt að geta boðið gestum

inn í torfbæ eins og Stekkjarkot, að skoða vikingaskip í fullri stærð, skessu í helli, bátasafn, listasafn og að prófa líkamlegan styrk í hreystibraut í heimabæ sínum. Þegar þessari yfirreið lauk var ekki síður skemmtilegt að skella sér í sund og sjá hvernig við nýtum heita vatnið allt árið um kring til þess að gera okkur glaðan dag og til heilsubótar. Heimsókninni lauk síðan með balli og grilluðum pylsum sem foreldrar nemenda í Kríum, Kjóum og Krummum sáu um að grilla fyrir allan hópinn. Það var frábært að fá hjálp frá þessum stóra hóp foreldra og færum við þeim bestu þakki fyrir aðstoðina. Að lokum viljum við þakka öllum starfsmönnum Akurskóla og Reykjanesbæjar sem liðsinntu okkur á einn eða annan hátt, tóku á móti hópnum og hjálpuðu okkur að gera þessa heimsókn ógleymanlega.





TEXTÍLKENNSLA

Hjá 2. og 3. bekk er mikil sköpunargleði í textílsmiðju. Mikið gengur á og mikil framleiðsla er hjá börnunum. Skylduverkefni eru þrjú og þar helst að nefna samvinnuverkefni í smíðum, myndmennt og textílmennt. Unnin er bútamynd sem er saumuð í saumavél. Viðfangsefnið þetta ár er andstæða í árstíðum þar sem unnin er ein mynd í textíl og önnur í myndmennt. Þær myndir eru svo sameinaðar í ramma sem gerður er í smíði. Önnur skylduverkefni er að vefa á vefstól og sauma út í bókamerki. Nemendur eru mjög áhugasamir og mikið kapp er hjá þeim við að klára verkefni til að geta byrjað á því næsta. Afrakstur fyrstu smiðjunnar má sjá í sýningarskáp á gangi Akurskóla og hvetjum við alla til að staldra við og skoða munina.

Til að vekja áhuga nemenda fyrir textílstofunni er smám saman verið að endurskipuleggja hana og bæta. Þar er nú nýr kennari sem er með áherslubreytingar og nýja uppröðun í stofunni. Algeng orð sem tengjast textílmennt eru kynnt sérstaklega fyrir nemendum sem og gamlir og nýjir siðir og venjur. Á meðan unnið er að verkefnum í tímum er t.d. rætt um það hvernig þessi verkefni hefðu verið unnin fyrir 100 árum og því velt fyrir sér hvernig verkefni gætu verið unnin í framtíðinni. Stefnt er að því að reyna að hafa flest verkefni til sýnis að lokinni smiðju. Markmiðið er að vekja enn frekar áhuga og ánægju nemenda á textílmennt.

Hár og list

Ein af valgreinunum í 9. og 10. bekk er Hár og list. Það er nýtt námskeið þar sem nemendum er kynnt mikilvægi góðrar umhirðu hárs, þeir læra að framkvæma hárvott og höfuðnudd og prófa að greiða einfaldar hárgreiðslur. Einnig spreyta þeir sig á að búa til hárskraut og skartgrip í hráefnum sem finna má í nærumhverfinu, t.d. steinum sem þau tína sjálf og slípa. Áhersla er lögð á að vekja

áhuga nemenda á sköpun og virkja hugmyndaflugið. Námskeiðið hefur gengur mjög vel í haust og eru nemendurnir einkar áhugasamir. Stelpurnar eru duglegar og vinnusamar og leggja sig allar fram. Umsjónarmaður námskeiðsins er Ólöf Ósk Þórhallsdóttir en hún hefur áralanga reynslu af hárgreiðslu.



Valsvæði hjá 4. og 5. bekk

Í Stapakoti sem er kennslurými Höfrunga, Háhyrninga og Hnísa hefur verið sett upp sérstakt valsæði fyrir nemendur. Valsæðið er vinnusæði sem nemendur geta sótt þegar þeir hafa lokið hefðbundnum verkefnum sem kennarinn setur fyrir hverju sinni. Þar eru margvísleg viðfangsefni sem nemendur velja s.s. þrautir, enska, lestur, sögugerð, lesskilningur, vísindi og að teikna eða lita. Með þessu fyrirkomulagi er rýmið mjög vel nýtt, nemendur fá hvatningu við að klára verkefni sín, hóparnir blandast meira og þar með eflast og styrkjast vinatengsl nemenda á milli bekkja. Jafnframt fá þeir tækifæri til að vera sjálfstæðir í vali á verkefnum. Þetta fyrirkomulag hefur mælst mjög vel fyrir hjá nemendum og kennurum.



NÁMSMARAÐON Í AKURSKÓLA

Námsmaraðon nemenda í Örnum (10.bekk) hófst föstudaginn 17.september. Maraðonið var haldið til að safna peningum fyrir skólaferðalagi og einnig til að undirbúa sig betur fyrir samræmd könnunarpróf. Krakkarnir komu í skólann á föstudagskvöldi klukkan átta og voru tilbúin til að læra alla nóttina.

Ingigerður, umsjónarkennari, skipulagði maraðonið með nemendum og fékk síðan foreldra til að standa vaktir og aðstoða. Freyr íþróttakennari var með hreyfistund fyrir krakkana frá kl. 23 - 24 í íþróttasalnum. Ingigerður kenndi þeim íslensku og stærðfræði frá átta um kvöldið til fimm um morguninn, með stuttum pásam. Kennararnir Sveinn og Þormóður leystu Ingigerði af og enduðu maraðonið með samantekt úr stærðfræði og ensku. Þau yfirgáfu skólann kl. 8 að morgni laugardags 18.september, dauðþreytt en ánægð.

Krakkarnir voru ótrúlega dugleg og einhver hafði orð á því að það væri miklu skemmtilegra að læra á kvöldin.

Fyrir maraðonið söfnuðu þau áheitum í hverfinu og færur við öllum sem styrktu þau kærar þakkir fyrir. Peningurinn fer í ferðasjóð 10. bekkjar.

„Ég hafði rosalega gaman af því að vera með krökkunum og styðja þau í maraðoninu. Það skapaðist skemmtileg stemmning og síðan voru foreldrar duglegir að koma og kíkja á okkur. Á tímabili var kennslustofan full af áhugasömum nemendum og foreldrum,“ sagði Ingigerður, umsjónarkennari Arna.

Akurskóli og Unglinga- deildin Klettur í samstarf

Akurskóli og unglingadeildin Klettur hafa gert með sér samning um samstarf í vetur. Samningurinn er á þann veg að nemendur í 9. og 10. bekk geta fengið metið starfið hjá unglingadeildinni sem hluta af vali sínu í skólanum. Þetta er þriðja árið sem Akurskóli tekur þátt í þessu samstarfi við Björgunarsveit Suðurnesja og reynsla skólans af því er mjög góð. Það skal tekið fram að ekki er nauðsynlegt að hafa valið Klett sem val til að sækja fundi hjá unglingadeildinni því þeir eru opnir fyrir alla áhugasama unglinga á aldrinum 14 - 16 ára. Fundirnir eru alltaf á fimmtudögum klukkan 20:00 í björgunarsveitarhúsinu við Holtsgötu.



Fyrsta kartöfluuppskeran

Kartöfluútsæði var sett niður í þemaviku sl. vor á lóð Akurskóla. 1. – 3. bekkur tók þátt í verkefninu en yfirumsjón með því hafði Aðalheiður Hanna Björnsdóttir. Nemendur sjáu sjálfir um að stinga upp garðinn, bera á áburð og setja niður útsæðið. Garðurinn dafnaði vel í sumar og nú í haust tóku krakkarnir upp kartöflurnar sem vógu alls 11,3 kg. Uppskeran var síðan elduð og boðin nemendum. Kartöflurnar brögðuðust afar vel og ætlunin er að kartöfluræktun verði að árlegum viðburði í skólanum.





Haukur Karel Hauksson með viðurkenninguna.

Verðlaun í teiknisamkeppni

Í tilefni af Vísindaviku 2010 efndi Rannís til teiknisamkeppni þar sem þátttakendur áttu að senda inn myndir út frá viðfangsefninu „Ef ég væri vísindamaður.“ Keppt var í tveimur aldursflokkum 6-9 ára og 10-12 ára. Fjöldi mynda barst í keppnina en 5 hlutu viðurkenningu í hverjum aldursflokki. Einn þeirra sem hlaut verðlaun í eldri flokknum var nemandi Akurskóla, Haukur Karel Hauksson í Kríum, og tók hann við viðurkenningunni í Listasafni Reykjavíkur þann 24. september sl. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra afhenti verðlaunin sem voru viðukenningarskjal og bók. Við óskum Hauki til hamingju með árangurinn.





„Ef ég væri vísindamaður“ eftir Hauk Karel.

AKURSKÓLI SLÓ Í GEGN Á REYKJUM



Reykjaferð 7. bekkjar var farin 27. september til 1. október og var mikil tilhlökkun innan hópsins áður en lagt var af stað. Við vorum 23 nemendur með Sólveigu og Jóku okkur til halds og trausts. Við fórum með Víðistaðaskóla í Hafnafirði og eignuðumst marga góða vini. Ýmislegt var brallað, við fórum á byggðasafnið, kvöldvökur voru haldnar og margt fleira. Ekki má svo gleyma hinni frábæru






Vinningshárgreiðslan.

hárgreiðslukeppni. Akurskóli vann keppnina þetta árið með glæsilegri frammistöðu þeirra Aleksöndru Kotominu og Elínar Margrétar sem greiddu Skarphéðni Aroni til sigurs. Ferðin var frábær og stóð undir væntingum.

Una María 7. bekk / Kjóum



Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið var haldið hér í Akurskóla annað árið í röð en þetta hlaup hefur verið haldið á Íslandi í 26 ár. Góð þátttaka var hjá okkar nemendum og hlupu 90% þeirra. Allir fóru einn hring sem er 2,5 km en þó nokkuð margir fóru tvo eða þrjá hringi og svo voru nokkrir sem fóru fjóra hringi sem eru 10 km. Alls hlupu nemendur Akurskóla 1312 km. Spóar hlupu flesta hringi og urðu því í 1. sæti en Ernir og Hnísur voru í 2.–3. sæti.



Nokkrir kennarar og starfsmenn hlupu með nemendum en það voru skólastjórinn Jónína, sundkennarinn Jóhanna og bókasafnsvörðurinn Anna Steinunn.

Nemendur sem tóku þátt fá viðurkenningarskjal frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands ásamt því að skólinn fær viðurkenningarskjal þar sem greint verður frá árangri.





Göngum í skólann

Göngum í skólann er verkefni sem nemendur í Akurskóla hafa tekið þátt í síðustu þrjár vikurnar. Í verkefninu er lögð áhersla á að börn kynnist umhverfi sínu betur með því að ganga í skólann.

Umsjónarkennarar hafa skráð hjá sér hverjir ganga í skólann og hafa nokkrir bekkir verið mjög duglegir við þetta verkefni. Sá bekkur sem gengur oftast í skólann fær svo Gullskóinn eftirsóttá til varðveislu þar til á næsta ári.



Mottugerð í 6. og 7. bekk

Hugmynd vaknaði hjá kennurum og nemendum í 6. og 7. bekk að mottugerð. Hún fer þannig fram að gamlar ónýtar flíkur eru klipptar niður í ræmur og motta heklud úr ræmunum. Nemendur koma sjálfir með efni að heiman, klippa það í ræmur og skiptast síðan á að hekla mottuna. Nú þegar eru tvær mottur tilbúnar og nýttast vel í rýminu hjá Kjóum, Krummum og Kríun.

Olweusaráætlunin gegn einelti

Hvað er einelti?

Talað er um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem er strítt hefur sýnt að sér mislíki. Óbeint einelti er líka slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að einstaklingur er útilokaður frá félagahópnum eða verði fyrir illu umtali.

Akurskóli hóf innleiðingu á Olweusaráætluninni árið 2006 og lauk innleiðingarferlinu vorið 2009. Verkefnisstjóri er Lovísa Hafsteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Akurskóla, og ber hún ábyrgð á skipulagningu og starfsemi í tengslum við áætlunina innan skólans. Eineltisteymi skólans stýrir starfinu en í því sitja:

Lars Imsland Hilmarsson
aðstoðarskólustjóri.
Sveinn Ólafur Magnússon kennari
Ingigerður Sæmundsdóttir kennari
Anna Jóna Guðmundssdóttir kennari
Sigurbjörg Ásdís Snjólfisdóttir kennari
Þormóður Logi Björnsson kennari

HELSTU MARKMIÐ

OLWEUSARÁÆTLUNARINNAR er að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki. Áætlunin byggir á fáum meginreglum og miðar að því að endurbæta félagslegt umhverfi í skólanum og að skapa skólaumhverfi sem einkennist af hlýju, jákvæðum áhuga og alúð.

Í áætluninni fá nemendur fræðslu um einelti, birtingarform þess og afleiðingar fyrir gerendur og þolendur, lögð er áhersla á bætt eftirlit innan skólans og vitundarvakningu meðal starfsfólks, nemenda og foreldra. Bekkjafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir skilgreininguna á



einelti og eineltishringurinn skoðaður. Tengslakannanir eru einnig lagðar fyrir bekkinn.

Ef vart verður við einelti fer eftirfarandi ferli í gang:

- Umsjónarkennari ræðir strax við þolanda, með eða án foreldra, allt eftir því hvernig málið ber að. Í öllum tilfellum er forráðamaður barnsins upplýstur um gang mála.
- Umsjónarkennari vísar málinu til eineltisteymis og virkjar eftirlitskerfið.
- Forráðamenn gerenda eru ávallt upplýstir og kallaðir til viðtals í alvarlegum tilfellum.
- Starfsfólk skólans fylgist náið með nemendum sem hlut eiga að máli.
- Eineltisteymi tekur einstaklingsviðtöl við nemendur eða úrtak nemenda.
- Umsjónarkennari og forráðamenn eru upplýstir í öllu ferlinu.

Ef ofantaldar aðgerðir bera ekki árangur þarf að vísa málinu til nemendaverndarráðs, kalla aftur til foreldra geranda/gerenda og kalla aftur til foreldra þolanda.

Akurskóli hvetur foreldra til að hafa samband við skólann verði þeir varir við eða hafi þeir grun um að eitthvert barn sé í vanda statt.



Krissi lögga í heimsókn

Í september kom Krissi lögga að heimsækja krakkana í 1. bekk. Hann fjallaði um ýmis öryggisatriði sem hafa ber í huga á leið til og frá skóla. Það á t.d. við þegar farið er yfir götu og vakti hann athygli barnanna á því að stundum getur lengri leiðin í skólann verið öruggari en sú styttri. Einnig lagði Krissi mikla áherslu á hjálmanotkun og gerði nemendum grein fyrir því hversu hættulegt það getur verið að hjóla úti með engan hjálm.

Hvað er að gerast í útikennslumálum?

Veðrið hefur leikið við okkur í haust og margir hafa nýtt sér góða veðrið til útináms. Útinám býður upp á endalausa möguleika fyrir kennara og nemendur í öllum námsgreinum og hentar mörgum vel til náms. Umhverfið okkar og náttúra bjóða upp á ótal námstækifæri sem aðeins er hægt að nýta með því að fara á staðinn, skoða og upplifa.

Til að auðvelda kennurum og nemendum að nema úti, erum við að vinna að því að byggja upp útikennslusvæði. Til stóð að byggja upp aðstöðu til útikennslu í Kópunni og var búið að leggja töluverða vinnu í undirbúning þess og sitja fundi með Umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar vegna þeirra áforma. Eftir grendarkynningu er hins vegar

ljóst að ekkert verður úr uppbyggingu kennsluadstöðu í Kópunni vegna andstöðu nágranna, sem m.a. stóðu fyrir undirskriftasöfnun gegn þessum áformum. Þó skal tekið fram að margir nágranna voru mjög fylgjandi þessum áformum. Skólinn hefur nú fengið formlega synjun frá Reykjanesbæ um að ekki verði af gerð skjólhýsis á þessu svæði. Þessi niðurstaða var mörgum vonbrigði. Nú er verið að skoða aðra valkosti í stöðunni og höfum við fengið Guðmund Hrafn Arngrímsson, landslagsarkitekt, til liðs við okkur til að undirbúa næstu skref í málinu. Endanleg staðsetning útikennslusvæðis er ekki ákveðin, en verið er að vinna í málinu og mun það væntanlega skýrast fljótlega.



Við höfum aðgang að opnum svæðum, tjörnum, ströndum, klettum, mómum, hólum og fornminjum allt í kring. Þar að auki eru fjölbreytt fyrirtæki, söfn og hús sem einkenna hverfið okkar hér í Innri-Njarðvík sem tilvalið er að nýta til náms. Við lítum því til alls svæðisins sem útinámssvæði þó svo að við byggjum upp sérstaka aðstöðu fyrir okkur. Í Akurskóla er öflugt og áhugasamt kennarateymi sem vinnur að því að efla útinám í skólanum. Í vetur verður unnið hörðum höndum, í náninni samvinnu við nemendur, leikskólanna og áhugasama foreldra að því að koma upp útinámssvæði.

AKURSKÓLI Á IÐI

Vel heppnaðar laugardagsgöngur

Framtakið *Akurskóli á iði* sem Foreldarafélag Akurskóla og Akurskóli standa að í sameiningu, hélt áfram göngu sinni í haust og voru farnar þrjár vel heppnaðar ferðir í haust. Í þeirri fyrstu var gengið á Arnarnýpu í góðu veðri. Næsta laugardag var nágrenni Snorrastaðatjarna skoðað, en í þeirri síðustu var farið á Reykjanestá.



MYNDIR ÚR SKÓLASTARFINU



STARFSMAÑNAKYNNING



Helga Hanna Hafsteinsdóttir

heiti ég og er starfsmaður í Akurskóla. Ég er fædd í Kópavogi og ólst upp í Reykjavík. Ég gekk í Vogaskóla en fór fljótlega út á vinnumarkaðinn eftir að grunnskólagöngu lauk. Ég hef unnið m.a. við fiskvinnslu og við umönnun sjúklinga á Landsspítalanum. Ég á þrjú börn og sex barnabörn og í febrúar á ég von á tveimur barnabörnum í viðbót. Árið 1978 fluttum við fjölskyldan til Keflavíkur. Hér fengum við góða vinnu og ódýrt húsnæði. Áhugamál mín eru íþróttir, að fara í bíó og að eiga góða stund með fjölskyldunni. Mér finnst einnig mjög gaman að ferðast. Mér líkar ákaflega vel að vinna í Akurskóla, vinn með frábæru samstarfsfólki og finnst ég ekki geta verið heppnari með vinnustað. Nemendur, þið eruð frábær, standið ykkur vel því þá vegnar ykkur vel í lífinu.

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Alltaf gaman
í Akurskóla!

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is